

5. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Flúðaskóla haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 13.30.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Sigurður Unnar Sigurðsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Einar Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðuðu forföll. Ásmundur Lárusson, mætti í stað Einars Bjarnasonar.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

1. Gátlisti, töluliðir 11, 12 og 13 sem fjalla um:
 - a. 11- Aðbúnað húsnæðis og lóðar skv. 20. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 657/2009
 - b. 12 – skólaakstur skv. 22. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 656/2009
 - c. 13- Skólamáltíðir skv. 23. gr. laga nr. 91/2008
2. Uppsögn skólaaksturs
3. Áætlun gegn einelti
4. Skólareglur um farsímanotkun
5. Til upplýsinga/kynningar
 - a. Bréf félags- og barnamálaráðherra vegna vinnu við stefnumótun í málefnum barna ásamt stefnumótunarskjali, Tölvupóstur dags. 22. febrúar sl.
6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

1. Gátlisti, töluliðir 11, 12 og 13 sem fjalla um:
 - a. 11- Aðbúnað húsnæðis og lóðar skv. 20. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 657/2009

Skólastjórnendur upplýstu að aðbúnaður húsnæðis skólans og lóðar er í samræmi við ofangreind lög og reglugerð. Brugðist er við athugasemdum t.d. við eftirlit opinberra aðila hverju sinni og þeim komið í viðeigandi ferli.

- b. 12 – skólaakstur skv. 22. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 656/2009

Skólastjórnendur upplýstu að boðið er upp á skólaakstur í samræmi við ofangreind lög og reglugerð.

- c. 13- Skólamáltíðir skv. 23. gr. laga nr. 91/2008

Skólastjórnendur upplýstu að boðið er upp á skólamáltíðir í mötuneyti skólans í samræmi við lög.

2. Uppsögn skólaaksturs

Formaður fór yfir efnis bréfs, dagsett 28. febrúar 2019, þar sem fram kemur að Flúðaverktakar ehf. segja upp skólaakstri á leiðinni Syðra-Langholt – Birtingarholt – Miðfell – Flúðir, frá og með lokum yfirstandandi skólaárs.

Samþykkt að auglýsa leiðina fyrir næsta skólaár.

SMK

JLA

HR

FS

HPK

SJL

UJE

3. Áætlun gegn einelti

Skólastjórnendur fóru yfir áætlun skólans í eineltismálum þar sem einelti er skilgreint, fyrirbyggjandi aðgerðir settar fram, viðbragðsáætlun ofl. Áætlunin, sem unnin var á starfsdegi kennara, er mikil og jákvæð breyting á þeirri áætlun sem áður var í gildi.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með áætlunina.

4. Skólareglur um farsímanotkun

Formaður fór yfir málið, en víða hefur reglum verið breytt eða nýjar reglur settar í grunnskólum landsins varðandi þessi mál.

Skólastjóri upplýsti að skólareglurnar eru í endurskoðun. Sérstakt teymi er í því að endurskoða þær þar sem m.a. er verið að skoða reglur varðandi snjalltæki. Í dag láta nemendur farsíma sína í kassa við komu í kennslustofu. Einnig er búið að loka gestaneti skólans, sem var opin nettenging og hefur það dregið úr snjalltækjanotkun nemenda í frímínútum.

Formaður upplýsti að ætlunin er að leita eftir álit starfsfólks, nemenda og foreldra á því hvort skoða eigi reglur um notkun farsíma í eigu nemenda á skólatíma.

Slíkrar reglur hafa verið settar á undanföllum mánuðum í nokkrum grunnskólum landsins og hafa, eftir því sem næst verður komist, bætt skólabrag og aukið félagsleg tengsl nemenda.

Samþykkt að formaður sendi erindi til foreldrafélagsins, nemendaráðs, skólaráðs og starfsmanna skólans þar sem leitað verður eftir álit þeirra á ofangreindri hugmynd þar sem leitast er eftir að auka félagsleg tengsl innan veggja skólans. Nefndin óskar eftir að álit berist henni fyrir 1. maí n.k.

5. Til upplýsinga/kynningar

- a. Bréf félags- og barnamálaráðherra vegna vinnu við stefnumótun í málefnum barna ásamt stefnumótunarskjali, Tölvupóstur dags. 22. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

a) Nýting millilofts í íþróttahúsi. Samþykkt að ræða framkomnar hugmyndir á næsta fundi.

b). Gátlistinn. Atriði nr. 8, 9 og 10 verði tekin fyrir á næsta fundi.

c) Skóladagatal. Tekið fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 2. maí kl. 13.30.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 14.25.

Handur Linnar
Fridur samundsd.

Syill Sig
[Signature]

[Signature]
Hanna Björk

Johanna Björk Arnardóttir